

Nd.

## 153. Frumvarp til laga

[91. mál]

um byggingu íbúðarhúsa til útrýmingar herbúðunum o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

### 1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta byggja allt að 800 íbúðir, 3—4 herbergja, á árunum 1955 og 1956. Skulu íbúðirnar vera í samstæðum íbúðarhúsum, útbúnar nýtizku þægindum.

### 2. gr.

Íbúðarhús þessi skulu byggð í þeim bæjum og sveitum, þar sem íslenskar fjölskyldur hafast enn við í herbúðum. Jafnóðum og þessi íbúðarhús ríkisins eru fullgerð til íbúðar, skal þeim fjölskyldum, er nú búa í herskálunum, boðið að flytja inn í þær, þeim fjölskyldum fyrst, er barnflestar eru og lengst hafa þar búið, og þannig haldið áfram, unz herskálarnir eru tæmdir af því fólki, er úr þeim vill flytja. Skal hver sá herskáli rifinn, er íbúarnir flytja úr.

### 3. gr.

Næstu 8 ár eftir að fjölskylda hefur flutt inn í íbúðarhús ríkisins skal mánaðarhúsaleiga hennar reiknast 10% af mánaðarkaupi Dagsbrúnarverkamanns.

### 4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka nauðsynleg lán til bygginganna, eftir því sem með þarf, og verja af tekjuafgangi ríkissjóð á árunum 1954 og 1955 því, sem á vantar, ef þess gerist þörf.

### 5. gr.

Lög þesi öðlast gildi nú þegar. Um leið fellur úr gildi 1. tölul. 1. gr. laga nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

### Greinargerð.

Í gömlum herskálum, er rífa skyldi fyrir mörgum árum, búa enn yfir 2400 Íslendingar, þar af yfir 900 börn í Reykjavík einni. Herskálarnir eru óþolandi vistarverur, íbúum þeirra til heilsutjóns og andlegs niðurdreps og allri þjóðinni til vansæmdar. Það verður að útrýma þeim og það strax, ef þeir eiga ekki að vinna meira tjón, en þeir þegar hafa gert.

Hefðu lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða frá 1946 fengið að vera í fullu gildi, hefði öllum herskálaíbúðum verið útrýmt á fjórum árum eftir setningu laganna, eða í síðasta lagi 1950. Það er því ríkisvaldinu og þeim flokkum, sem með það hafa farið, að kenna, að þúsundir Íslendinga hafa orðið að þola þá hörmung, að búa í þessum húsakynnum allt of lengi.

Því er rétt, að ríkið bæti tafarlaust fyrir misgerðir sínar, bæði með því að byggja strax yfir alla þá, sem í herskálunum búa, og með því að leigja þeim fyrstu 8 árin í þessum íbúðum með leigukjörum, sem væru sanngjörn og sjálfsögð, ef nokkurt vit væri í fjármálastefnu ríkisins og nokkur meining í aðgerðum hins opinbera gegn dýrtíðinni. Eftir þann tíma ákvæði löggjafinn, hvaða stefnu skyldi hafa í húsnæðismálunum, hvað þessi hús snerti.

Samkvæmt 5. gr. frv. er sagt til að fella úr gildi „bráðabirgða“-breytingu þá, sem eyðilagði lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Þegar þau þannig kæmu aftur í fullt gildi, væri ríkið skyldugt til þess að aðstoða bæjar- og sveitarstjórnir til útrýmingar þess heilsuspillandi húsnæðis, sem vondir kjallarar, ófær þakherbergi, gamlir torfbæir og aðrar slíkar vistarverur eru. En t. d. í Reykjavík einni búa í óhæfum kjallaraíbúðum yfir 3000 manns. En þegar bæjar- og sveitarstjórnir hæfust handa með útrýmingu slíks húsnæðis, þá hefði þó ríkið sjálft gengið á undan með stærsta átakið í baráttunni við bøl húsnæðisskortsins með útrýmingu „bragga“-íbúðanna samkvæmt þessu frumvarpi.